



Alþýðusamband Íslands

Umsögn miðstjórnar ASÍ

um tillögur Verkalýðsfélags Akraness um ráðstöfun
á fyrirhugaðri hækkun iðgjalda í lífeyrissjóð

Eftirfarandi tillaga hefur borist frá stjórn og trúnaðarráði Verkalýðsfélags Akraness:

Hækkun iðgjalda í lífeyrissjóði

Þing Alþýðusambands Íslands krefst þess að fyrirhuguð hækkun iðgjalda í lífeyrissjóði úr 12% í 15,5% á næstu árum renni frekar í séreign launafólks heldur en í samtryggingarsjóðina.

Fyrir liggur að tillagan eru rétt fram borin sbr. 24. gr. laga ASÍ, en samkvæmt þessari grein ber miðstjórn að gefa umsögn um hana.

Lagt er til að fjallað verði um þessa tillögu Verkalýðsfélags Akraness með eftirfarandi hætti:

1. Tillagan verði kynnt undir liðnum „lífeyrismál“ á þinginu.
2. Að lokinni kynningu og 1. umræðu verði tillögunni vísað til frekari umfjöllunar í málstofu um lífeyrismál.

Í tillögu Verkalýðsfélags Akranes (VLFA) er lagt til að þing ASÍ leggi fram kröfugerð um ráðstöfun á fyrirhugaðri hækkun iðgjalds til lífeyrissjóða sbr. yfirlýsingu samningsaðila í tengslum við kjarasamninga ASÍ og SA þann 5. maí 2011.

Umboð til gerð kjarasamninga og breytinga á gildandi kjarasamningum er alfarið í höndum aðildarsamtaka ASÍ nema þau feli ASÍ að standa að gerð kjarasamninga um sameiginleg mál með sérstökum samstarfssamningi sín á milli, sbr. 14. gr. laga ASÍ. Í kjarasamningunum sem gerðir voru 5. maí 2011 náðist samkomulag við SA um að framlög atvinnurekenda verði aukin í áföngum til samræmis við framlög til lífeyrissjóða opinberra starfsmanna. Þetta er þó háð þeim fyrirvara að tekist hafi að leysa úr fjárhagsvanda opinberra lífeyriskerfisins. Þetta ákvæði kjarasamninga kemur til umfjöllunar við endurskoðun kjarasamninga í janúar nk.

Miðstjórn telur að þing ASÍ hafi ekki umboð til þess að gera breytingar á þeim kjarasamningi sem gerður var í maí 2011, en leggur til að efni tillögu VLFA verði vísað til umfjöllunar í málstofu um lífeyrismál.

Hvað varðar skiptingu á ráðstöfun iðgjalds milli samtryggingadeilda og séreignadeilda er í núgildandi lögum um lífeyrissjóði nr. 129/1997 kveðið á um að lífeyrissjóðum, sem uppfylla ákvæði um

lágmarkstryggingavernd með lægra iðgjaldi en lögbundnu iðgjaldi (nú 12%), sé heimilt að ráðstafa því sem umfram er til séreignar.

Miðstjórn vekur athygli á því að í stefnumótunarvinnu ASÍ í lífeyrismálum sem hafin var í kjölfar ársfundarsamþykktar haustið 2009 kom fram vilji til þess að skoða hvaða leiðir eru færar varðandi þetta atriði og hvernig gera megi valið einstaklingsbundið. Þetta atriði hefur einnig verið rætt í nefnd sem nú vinnur að samræmdum lífeyrisréttindum fyrir alla landsmenn. Miðstjórn leggur til að í umræðu um lífeyrismál verði rædd afstaða þingsins til aukins sveigjanleika í ráðstöfun lífeyrissjóðsiðgjalds og hvaða mögulegu fyrirvara eða takmarkanir kunni að þurfa þar á.